

LÖG

**um breyting á lögum nr. 135 11. desember 2008,
um embætti sérstaks saksóknara.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé þess óskað skulu þessar stofnanir, svo og skilanefndir og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi, slitum eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja, láta hinum sérstaka saksóknara í té upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl. og gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum og hinn sérstaki saksóknari telur að hafi þýðingu við rannsókn sakamáls eða ákvarðanaatöku um hvort rétt sé að hefja slíka rannsókn. Sama skylda hvílir á þeim fjármálafyrirtækjum sem stofnuð voru um hluta af rekstri framangreindra fjármálfyrirtækja á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga. Skylt er að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, og er slík afhending óháð því hvort meint brot hafi verið kærð til löggreglu.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef skilanefnd, aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, umsjónarmaður með nauðasamningi, bráðabirgðastjórn, slitastjórn við slitameðferð eða skiptastjóri fjármálafyrirtækis fær vitnesku í starfi sínu um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns um að fjármálafyrirtæki eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal tilkynningu um slíkt beint til embættisins í samræmi við ákvæði þetta.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er skylt að fylgja 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við ráðningu þess.

Nr. 25

31. mars 2009

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. mars 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ragna Árnadóttir.

A-deild – Útgáfud.: 31. mars 2009